



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
við opnun sýningar Sólheima
í Reykjavík
19. maí 2000**

Heiðruðu sýningargestir

Sólheimar hafa skipað öndvegi í huga og hjarta okkar Íslendinga. Af heitinu sjálfu ljómar birta og vor, hlý umhyggja og ást á heimahögum. Starfsemin hefur í senn verið áminning og áskorun; áminning um að rækta vel mannkosti og hæfileika sem í öllum búá; áskorun um að sækja fram til nýrra verka, ryðja hindrunum hugarfars og vanahugsunar úr vegi og breyta sambúð manns og náttúrunnar.

Sólheimar voru stofnaðir fyrir 70 árum með hugsjónir og fórnfýsi gagnmerkjar konu að leiðarljósi. Í fyllingu tímans hafa þeir orðið öðrum fyrirmynd, vakið aðdáun og hvatt til eftirbreytni í öðrum löndum.

Sólheimar urðu fyrsti staðurinn í veröldinni þar sem þjónusta við þroskahefta var fest í sessi utan hefðbundinna stofnanaveggja.

Sólheimar urðu fyrsta byggðin á Norðurlöndum til að stunda lífræna ræktun, hefja til vegs þá virðingu fyrir hollu matarræði og lögmálum heilbrigðrar umgengni við móður jörð sem nú þykir aðal allra góðra manna.

Sólheimar hafa verið útnefndir í alþjóðlega virðingarsveit vistvænna byggðahverfa og urðu meðal hinna fyrstu sem slíkan sóma hlutu.

Allt væri þetta nóg til að veita Sólheimum heiðursess í framfarasögu íslenskrar þjóðar á öldinni stórbrotu sem nú er að kveðja.

En gjafir þeirra sem á Sólheimum búa hafa vissulega verið fleiri og landsmönnum kærari en orð fá lýst.

Kertin ykkar hafa skapað hátíð og gleðibrag á þúsundum heimila og verið sannur vitnisburður þess að lífsgleði og atorka geta þrátt fyrir erfiðar aðstæður skilað góðu verki.

Listmunir ykkar og handverk hafa verið kærkominn efniviður í góðar gjafir þegar gleðja skal vini og vandamenn.

Garðyrkja ykkar og skógrækt með hinar lífrænu aðferðir að leiðarljósi hafa veitt okkur nýja sýn á þá búskaparhætti sem best hæfa nýrri öld.

Þið hafið svo sannarlega, Sólheimabúar, verið þjóðinni í senn leiðsögn og fyrirmynd, vakið innblástur og aðdáun, og fyrir það færi ég ykkur kærar þakkir Íslendinga allra á þessum hátíðardegi.

Á 70 ára afmæli Sólheima fögnum við glæsilegri og skemmtilegri sýningu hér í Perlunni, eins konar opinberri heimsókn Sólheima til höfuðborgarinnar. Hingað eru komin verkstæðin og starfsemin öll, verkin og afurðirnar til sýnis og sölu.

Það er mér í senn heiður og ánægja að opna þessa hátíðarsýningu Sólheima og óska íbúum þeirra og starfsfólki, aðstandendum og velunnurum öllum til hamingju með afmælið og þann einstæða árangur sem starfsemi Sólheima hefur skilað.

Með þeim orðum er sýningin „Sól í Borg – Sólheimar í Perlunni” opnuð.